**Nd. 767. Breytingartillögur [240. mál]**

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Aftan við 7.2. komi:
   Í Reykjavík kýs borgarstjórn 7 fulltrúa óbundinni kosningu, en stjórnir heilbrigðisstofnana ríkisins og einkaaðila tilnefna fulltrúa frá hverri stofnun.
   b. 7.3.4. og 7.3.5. falli út.
2. Við 14. gr.
   a. 14.6.—3.5. komi: Kópasker H1 í stað „Kópasker H".
   b. Í 14.11. komi: tveir læknar í stað „þrír læknar".
3. Við 19. gr. 19.1.—5.10. orðist svo:
   Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómsleit.
4. Við 20. gr. Aftan við 20.1. komi:
   20.2. Ráðherra setur gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.
5. Við 27. gr. Í 27.2. orðist síðasta setning svo:
   Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.
6. Við 30. gr. Síðasta málsgrein 30.5. orðist svo:
   Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.
7. Aftan við lið 1 í ákvæðum til bráðabirgða komi: og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.